

Skólaleikrit

# VELVAKANDI OG BRÆÐUR HANS

Leikgerð eftir samnefndri þjóðsögu.

Þórunn Pálsdóttir

# PERSÓNUR:

KERLING

MÓÐIR

FADIR

VELVAKANDI

VELHALDANDI

VELHÖGGVANDI

VELSPORREKJANDI

VELBERGKLIFRANDI

SKESSA

KÓNGUR

DROTTNING

FYRSTA PRINSESSA

ÖNNUR PRINSESSA

ÞRIÐJA PRINSESSA

FJÓRÐA PRINSESSA

FIMMTA PRINSESSA

HIRÐMEYJAR

LÍFVERÐIR

## LEIKSVIÐ:

1. Við bóndabæinn (1. og 2. þáttur).
2. Hallarsalur (3. þáttur).
3. Meyjarskemma (4. og 8. þáttur).
4. Hellismunni.
5. Fyrir framan tjaldið.

Ef sviðið er stórt eða leikið er í sal, má skipta leiksviðinu í leiksvæði.

Leikmunir m.a.: Leggur og skel, öxi, kaðall, pottur og sleif fyrir skessuna og stór hönd búin til úr pappamassa. Það er líka hægt að teikna stóra hönd á maskínupappír, klippa út tvöfalt, hefta það saman og troða dagblaðapappír inn í.

# 1. ÞÁTTUR

*(Fyrir framan sveitarbæ. Bræðurnir fimm eru að leika sér að legg og skel. Sögumaður talar í hljóðnema utansviðs).*

SÖGUMAÐUR:

Einu sinni voru karl og kerling. Þau áttu fimm syni, sinn á hverju ári. Ekki var fleira fólk í kotinu en þau hjónin og synir þeirra. Einu sinni sem oftár fóru hjónin út á engjar að slá en skildu bræðurna eftir heima.

*(KERLING kemur kjagandi til piltanna).*

KERLING:

Sælir veriði, drengir mínir.

DRENGIRNIR

*(líta upp úr leik sínum):* Sælar.

KERLING:

Getið þið gefið mér að drekka gæskurnar? Ég hef gengið óraleið og er orðin lúin og þyrst.

VELVAKANDI

*(nær í krús með vatni og afhendir kerlingu):* Gjörðu svo vel.

KERLING:

Þakka þér kærlega fyrir. *(Hún drekkur)*. Hvað heitið þið nú, góðu drengir?

VELHALDANDI:

Við heitum nú ekki neitt.

KERLING:

Ég er svo fátæk að ég get ekki launað ykkur sem skyldi fyrir greiðann.

En ég ætla að gefa ykkur sitt nafnið hverjum og skal hinn elsti heita Velvakandi, annar Velhaldandi, þriðji Velhöggvandi, fjórði Velsporrekjandi og fimmti Velbergklifrandi. Heiti þessi gef ég ykkur fyrir svaladrykkinn. Verið nú sælir og munið vel nöfnin.

DRENGIRNIR

*(vinka):* Vertu sæl.

*(FAÐIR OG MÓÐIR koma heim).*

FAÐIR og MÓÐIR:

Sælir, elskurnar.

DRENGIRNIR:

Sæl.

MÓÐIR:

Kom einhver í dag?

DRENGIRNIR

*(koma til þeirra og tala í belg og biðu): Það kom gömul kona og ... (Þeir segja frá en með lágum rómi og foreldrarnir hlusta og gera athugasemdir á meðan).*

SÖGUMAÐUR:

Bræður sögðu nú foreldrunum nöfnin sem kerling hafði gefið þeim. Þau létu vel yfir því.

TJALDIÐ

## 2. ÞÁTTUR

*(Fyrir framan sveitarbæinn. FAÐIR og MÓÐIR sitja við vinnu).*

*(BRÆÐURNIR koma inn. VELHÖGGVANDI heldur á öxi, VELSPORREKJANDI á stækkunargleri og VELBERGKLIFRANDI heldur á kaðli).*

VELSPORREKJANDI

*(við foreldrana):* Við erum nú orðnir fullorðnir svo við viljum fara burt úr kotinu og freista gæfunnar.

VELHÖGGVANDI:

Við ætlum að reyna að framast í öðrum löndum.

MÓÐIR og FAÐIR:

Við leyfum það. Veriði sælir og guð og gæfan fylgi ykkur.

*(Þau kveðjast öll með faðmlögum. Piltarnir fara út og hjónin standa og vinka).*

TJALDIÐ

## 3. ÞÁTTUR

*(Í konungshöllinni. KÓNGUR og DROTTNING sitja í hásetum sínum. Hirðmeyjar og verðir standa hjá).*

SÖGUMAÐUR:

Lögðu þeir nú af stað og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en þeir koma til kónsins.

VÖRÐUR:

Það standa fimm bræður úti og biðja um áheyrn yðar hátignar.

KÓNGUR:  
Vísið þeim inn.

VÖRÐUR:  
(*hneigir sig*): Skal gert. (*Fer út*).

(*BRÆÐURNIR koma inn*).

VELVAKANDI:  
Við viljum fá að dveljast í höll þinni næsta vetur, yðar hátign.

VELBERGKLIFRANDI:  
Annaðhvort allir eða enginn.

KÓNGUR  
(*hvíslar einhverju að drottningu. Hún kinkar kolli*): Jú, þið megið vera hjá okkur um veturinn ef þið viljið vaka yfir dætrum mínum um jólanóttina.  
(*Bræðurnir kinka kolli hver til annars*).

VELHALDANDI:  
Það skulum við svo sannarlega gera. Þakka yður fyrir. (*Þeir hneigja sig*).

KÓNGUR  
(*stendur upp*): Þannig er mál með vexti að ég á fimm dætur. Síðustu tvær jólanæturnar hafa tvær horfið, sín hvora nóttina úr meyjarskemmuni. Ég lét þó vaka yfir þeim. Ég hef látið leita þeirra dyrum og dyngjum en ekki finnast þær.

VELHALDANDI:  
(*hvíslar að bræðrunum. Þeir kinka kolli*): Yðar hátign. Fyrir næstu jólanótt skuluð þér láta smíða nýja meyjarskemmu, einstaka sér og mjög rammgerða.

KÓNGUR:  
Ég geri það.

TJALDIÐ

## 4. ÞÁTTUR

(*Meyjarskemmu. Nokkrar dýnur á gólfinu*).

SÖGUMAÐUR:  
Nú koma jólin. Fara þá kóngsdæturnar þrjár, sem eftir voru, í skemmuna og bræðurnir allir fimm ...

(*KÓNGSDÆTUR og BRÆÐURNIR koma inn. Þær teygja sig og geispa og leggjast á dýnurnar og sofna*).

SÖGUMAÐUR:

... Ætluðu þeir nú að vaka jólanóttina yfir kóngsdætrunum. En þeir sofnuðu allir nema hann Velvakandi ...

*(Bræðurnir fjórir sofna en VELVAKANDI situr uppi).*

... ljós var í skemmumni og hún harðlæst. Fyrripart nætur sér Velvakandi að skugga ber á einn skemmugluggann og því næst seilist inn hönd, ógnarstór og hrikaleg, og yfir rúm einnar kóngsdótturinnar ...

*(Stór hönd kemur inn um gluggann. VELVAKANDI vekur bræður sína).*

... Þá vekur Velvakandi bræður sína í snatri og þrífur Velhaldandi í loppuna sem inn seilist svo sá gat ekki dregið hana að sér sem átti þó hann streittist við ...

*(VELHALDANDI grípur í höndina og VELHÖGGVANDI heggur hana af).*

... Kom þá Velhöggvandi og hjó af höndina við gluggann. Hjóp þá sá frá sem úti var og eltu bræðurnir hann.

*(BRÆÐURNIR þjóta út. KÓNGSDÆTUR horfa undrandi á eftir þeim).*

TJALDIÐ

## 5. ÞÁTTUR

*(Á palli eða gólfi fyrir framan sviðið. BRÆÐURNIR koma vinstra megin út og fara yfir til hægri. Þeir geta líka komið frá inngöngudyrum áhorfenda og gengið inn salinn, hent kaðlinum upp á pallinn fyrir framan sviðið. Þannig geta þeir fíkrað sig upp koll af kalli).*

SÖGUMAÐUR:

Gat Velsporrekjandi rakið förin.

*(VELSPORREKJANDI er í fararbroddi og notar stækkunarglerið eins og Sherlock Holmes).*

SÖGUMAÐUR:

Komu þeir loks að afar bröttum hömrum þar sem enginn komst upp nema Velbergklifrandi. Hann kleif hamarinn og kastaði festi niður til bræðranna. Dró þá svo upp alla. *(Þeir hverfa bak við tjaldið).*

## 6. ÞÁTTUR

*(Hellismunni. SKESSAN situr og grætur).*

*(Tjaldið dregið frá. BRÆÐURNIR koma inn frá vinstri).*

VELVAKANDI:

Hvað gengur að þér, skessa?

SKESSAN:

Það kemur ykkur ekkert við, mannskepurnar ykkar. (*Grenjar hærra*).

VELHALDANDI:

Svona, svona. Það ætti engan að skaða þótt þú segðir okkur af hverju þú grætur svona mikið?

SKESSAN:

Ég græt svona mikið vegna þess að aumingja karlinn minn missti aðra höndina.

VELVAKANDI:

Hættu nú að gráta, kerling, því við getum læknað karlinn þinn.

VELSPORREKJANDI:

En það má enginn horfa á okkur á meðan við erum að lækna.

VELBERGKLIFRANDI:

Við erum svo varkárir með leyndarmálið okkar að við bindum alla sem nærri eru.

VELVAKANDI:

Þá getur enginn komið að okkur meðan á lækningunni stendur því þar liggur mikið við.

VELHALDANDI:

Við skulum lækna karl þinn fljótt ef þú leyfir okkur að binda þig.

SKESSAN:

Jæja, jæja. Þið megið það ef það verður til þess að lina þjáningar hans. En verið fljótir. (*Þeir ráðast að henni og binda hana*).

TJALDIÐ

## 7. ÞÁTTUR

(*Tjaldið er fyrir sviðinu*).

SÖGUMAÐUR:

Bundu þeir skessuna rammlega og gengu svo inn í hellinn til karlsins. Var hann hið ferlegasta tröll og höfðu þeir engar sveiflur á því nema drápu hann undir eins. Síðan rannsökuðu þeir hellinn og fundu þar ekkert fémætt. Ekki urðu þeir heldur trölla varir. En þegar þeir voru að rannsaka hellinn komu þeir að afhelli dálitlum.

(*Tjaldið dregið frá*).

(*Hellismunni. Fjórða og fimmta kóngsdóttir liggja á gólfinu í böndum. Sú fjórða er feitari en sú fimmta*).

#### FJÓRÐA KÓNGSDÓTTIR

(*volandi*): Ég á að deyja í dag. Þau ætla að hafa mig til jólanna. (*Væfir*). Ég verð jólamaturinn þeirra. (*Grætur hærra*).

#### FIMMTA KÓNGSDÓTTIR:

Þetta hlýtur að vera martröð. Ég er svo hrædd.

#### SÖGUMAÐUR:

Þegar bræðurnir komu inn í hellinn sáu þeir þar báðar hinar týndu kóngsdætur.

(*Bræðurnir koma inn*).

#### VELVAKANDI:

Þarna eru kóngsdæturnar. (*Þeir leysa kóngsdæturnar*). Við höfum drepið karlinn og bundið skessuna. (*KÓNGSDÆTUR verða glaðar við*).

#### VELBERGKLIFRANDI:

Við förum með ykkur til hallarinnar. (*Þau fara út*).

#### TJALDIÐ

## 8. ÞÁTTUR

(*Á meðan skipt er yfir í skemmuna er ágætt að hafa tónlist*).  
(*Tjaldið er fyrir sviðinu*).

#### SÖGUMAÐUR:

Höfðu bræðurnir kóngsdæturnar nú heim með sér til hallarinnar og létu þær fara inn í skemmuna til systra sinna. Var þá enn ekki kominn dagur.

(*Tjaldið dregið frá*).

(*Meyjarskemman. KÓNGSDÆTURNAR ÞRJÁR liggja sofandi. BRÆÐURNIR koma inn með FJÓRÐU OG FIMMTU KÓNGSDÓTTURINA. Verða fagnaðarfundir með systrunum. Þær faðma hver aðra*).

(*KÓNGUR kemur inn*).

#### KÓNGUR

(*opnar faðminn. Týndu systurnar hlaupa í fang hans*): Þið eruð þá heimtar úr helju. Hvað gerðist?

#### FJÓRÐA KÓNGSDÓTTIR:

Heljarstór risi rændi okkur og ætlaði að hafa mig í jólamatin.

#### FIMMTA KÓNGSDÓTTIR:



Pá komu bræðurnir og björguðu okkur. Þeir drápu risann og bundu skessuna.

**KÓNGUR:**

Stórkostlegt! Nú ætla ég að halda mikla veislu. Allir skulu gleðjast í ríki mínu. Nú skal alls staðar verða líf og fjör.

**TÓNLIST (MARS)**

*(BRÆÐURNIR leiða KÓNGSDÆTURNAR. Þau mynda öll röð á sviðinu. KÓNGUR og DROTTNING eru fremst, þá koma þörin og loks HIRÐIN. MÓÐIR og FAÐIR bræðranna reka lestina. Hersingin getur gengið niður af sviðinu og inn ganginn, svo aftur til baka upp á sviðið á meðan sögumaður segir frá).*

**SÖGUMAÐUR:**

Efli kóngur þá til stóreflis veislu og lyktaði þeirri veislu með því að bræðurnir drukku brúðkaup sitt hver til sinnar kóngsdóttur. Urðu þeir bræður síðan allir hinir mestu menn og lifðu bæði vel og lengi í besta gengi.

**TJALDIÐ**